

**AUGLÝSING**

um viðauka og breytingar nr. 3 við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1966.

Frá og með 20. desember 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3, útgefna í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. desember 1966.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

Jón Thors.

Nr. 278.

17. nóvember 1966.

**AUGLÝSING**

um breytingar nr. 7 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. nóvember 1966 ganga í gildi breytingar útgefna í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1966.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

Jón Thors.

Nr. 279.

19. nóvember 1966.

**REGLUGERÐ**

fyrir Hjúkrunarskóla Íslands.

**I. KAFLI**

Markmið og stjórn skólans.

**1. gr.**

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann er heimavistarskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

**2. gr.**

Markmið skólans er að veita nemendum sínum hjúkrunarfræðslu samkvæmt kröfum hvers tíma og að efla andlegan þroska þeirra og hæfni til hjúkrunarstarfa.

**3. gr.**

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landspítalans og 3 aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.